



Upplýsingabréf um starfrækslu loftfara í öskumenguðu loftrými

1 Gildissvið

Gildir um einkaflug, þar með talið kennsluflug. Tilgangur þessa upplýsingabréfs er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um starfrækslu loftfara í öskumenguðu loftrými.

2 Meginatriði

- Forðast skal flug í loftrými þar sem öskumengun er sýnileg.
- Haftasvæði verður skilgreint umhverfis eldstöð. Umfang haftasvæðis ræðst af aðstæðum hverju sinni.
- Flugmaður er ábyrgur fyrir starfrækslu loftfars í menguðu loftrými.
- Fljúgi flugmaður inn í mengað loftrými skal tilkynna það strax til næsta AFIS, flugturns eða flugstjórnardeildar. Að flugi loknu skal einnig tilkynna til viðhaldsaðila og Samgöngustofu (mandatory.reporting@icetra.is).
- Flugmönnum er bent á að kynna sér skilmála tryggingafélaga gagnvart tjóni af völdum ösku.
- Flugmenn skulu kynna sér NOTAM og SIGMET.
 - SIGMET mun sýna útlínur öskumengunar.
 - NOTAM með upplýsingum um haftasvæði umhverfis eldstöð.
 - NOTAM með upplýsingum um hættusvæði með miðlungs og mikilli ösku.

3 Ráðleggingar til einkaflugmanna

- 3.1 Eftirfarandi leiðbeiningar skulu lesnar samhliða kafla 2.
- 3.2 Tjón á vélum er sérstakt áhyggjuefni fyrir loftför búin hverfihreyflum (turbine-engined aircraft) en líklega minna fyrir önnur loftför sem búin eru bulluhreyflum (other internal combustion engines) með loftsíu fyrir inntaksloft. Hinsvegar, með notkun á blöndungshita í sumum loftförum með bulluhreyfla, fer innsogsloftið framhá inntakssíu og því ættu flugmenn að vera meðvitaðir um þann möguleika að öskumengað loft fari inn í hreyfillinn. Ef mögulegt er, ætti að forðast flug í aðstæðum sem krefjast langrar notkunar á blöndungshita.
- 3.3 Aska getur smogið inn í stemmurör (pitot/static systems) eða haft áhrif á smurningu á hreyfanlegum hlutum eins og þyrillkollu (rotor head), girkassa og legur.
- 3.4 Ráðlegt er að forðast flug yfir svæði þar sem takmarkaðir möguleikar eru á landingarsvæði ef til vélarbilunar kæmi. Þetta gildir einnig um tveggja hreyfla loftför.

4 Skilgreiningar öskusvæða

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við um öskumengað loftrými og eru í samræmi við Viðbragðsáætlun vegna eldgosa (ICAO EUR/NAT Volcanic Ash Contingency Plan (VACP) (ICAO EUR Doc 019/NAT Doc 006 Part II)).

- Svæði með lítilli ösku: Tiltekið loftrými þar sem búast má við öskumengun sem nemur $2 \times 10^{-3} \text{ g/m}^3$ eða minna (jafnt eða minna en tvö milligrömm á hvern rúmmetra) (grænblátt svæði).
- Svæði með miðlungs ösku: Tiltekið loftrými þar sem búast má við öskumengun sem nemur meira en $2 \times 10^{-3} \text{ g/m}^3$ en minna en $4 \times 10^{-3} \text{ g/m}^3$ (meira en tvö milligrömm á hvern rúmmetra en minna en fjögur milligrömm á hvern rúmmetra) (grátt svæði).
- Svæði með mikilli ösku: Tiltekið loftrými þar sem búast má við öskumengun sem nemur jafnt eða meira en $4 \times 10^{-3} \text{ g/m}^3$ (jafnt eða meira en fjögur milligrömm á hvern rúmmetra) eða þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um öskumagn (rautt svæði).

5 Tilvísanir:

- Viðbragðsáætlun vegna eldgosa (ICAO EUR/NAT Volcanic Ash Contingency Plan (VACP) (ICAO EUR Doc 019/NAT Doc 006 Part II))

END

AIC cancelled:

NIL